


Alþingi
Erindi nr. P 139/1922
komudagur 4.4.2011



Nefndasvið Alþingis,
Iðnaðarnefnd

Reykjavík 4. apríl 2011


Efni: Tillaga til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, 467. mál

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fjallað um ofangreinda þingsályktunartillögu og fagna henni. Þar er kveðið á um mikilvægustu málin sem vinna þarf að í ferðaþjónustu, ekki síst með tilliti til aukinnar vetrarferðaþjónustu sem SAF hafa bent á sem forsendu fyrir aukinni arðsemi í greininni.

Fulltrúi samtakanna átti sæti í stýrihóp sem samdi tillöguna og var víða leitað álits m.a. meðal félagsmanna SAF. Samtökin gera þar af leiðandi ekki athugasemdir við hana.

Það er mjög mikilvægt að afgreiða tillögu þessa sem fyrst og tryggja fjármagn svo hægt sé að koma öllum þessum mikilvægum málum í framkvæmd. Á því byggir heilbrigður vöxtur, aukin arðsemi og aukin atvinnutækifæri í ferðaþjónustu í framtíðinni.

Með kveðju
f.h. stjórnar SAF



Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri